

Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang í landi Hóls í Bolungarvík.

Samkomulag um sýnatöku og mælingar í samræmi við lið 3.2 í rekstrarleyfi urðunarstaðarins.

Bolungarvíkurkaupstaður og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gera með sér eftirfarandi samkomulag um sýnatöku og mælingar í frárennsli og sigvatni við urðunarstaðinn.

1. Bolungarvíkurkaupstaður setur niður þrjá sýnatökubrunna við urðunarstaðinn. Staðsetning þeirra er ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlitið, sjá meðfylgjandi uppdrátt.
2. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tekur sýni og sendir til úrvinnslu á rannsóknarstofu.
3. Miðað er við að sýnatökur fari fram tvisvar á ári, vor og haust. Komi fram umtalsverðar breytingar á efnasamsetningu vatns verða sýnatökum fjölgað.
4. Sýni verða tekin úr þremur brunnnum samkvæmt A lið, 4. greinar III viðauka reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003.
5. Samhliða sýnatöku skal mæla og skrá hæð grunnvatns í sýnatökubrunnum samkvæmt B lið, 4. greinar III viðauka reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003
6. Mæliáætlun.

Vakta skal grunnvatn samkvæmt eftirfarandi mæliáætlun:

	Mæli-/ sýnatökustaður	Mæliþættir	Tíðni
Grunnvatnshæð	Sýnatökubrunnar nr. 1, 2 og 3	Hæð grunnvatns	Tvisvar á ári
Samsetning grunnvatns	Sýnatökubrunnar nr. 1, 2 og 3	Hitastig, leiðni, pH, ammóníum (NH ₄) nítrat (NO ₃), fosfór (Pheild) olía/fita, lífræn halógen-sambönd (AOX), blý(Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Tvisvar á ári



Bolungarvík 24. júlí 2018

BYGGINGARFULLTRÚINN
BOLUNGARVÍK
Sigríður Gunnarsdóttir